



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

# FARSÓTTAFRÉTTIR

2. árg. 11. tölublað. Nóvember 2006.

## EFNI:

Heilbrigðis-  
vottorð  
útlendinga vegna  
smitsjúkdóma **1**

Ritstjórn  
Haraldur Briem sóttvarna-  
læknir, ábm.  
Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Sigurlaug Hauksdóttir  
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri  
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa  
fréttabréfs, sé heimildar getið.

## HEILBRIGÐISVOTTORÐ ÚTLENDINGA VEGNA SMITSJÚKDÓMA

Heilbrigðisvottorð sem dvalarleyfisum-  
sækjendur þurfa að leggja fram hér á landi  
eru annars vegar vegna kröfu opinberra  
aðila og hins vegar vegna kröfu vinnuveit-  
enda þegar sótt er um atvinnuleyfi vegna  
sérstakra aðstæðna á vinnustað.

Opinberar kröfur um slík heilbrigðis-  
vottorð eru gerðar í samræmi við reglu-  
gerð um útlendinga og í lögum um at-  
vinnuréttindi útlendinga, fyrst og fremst í  
því augnamiði að tryggja að sá sem hygg-  
ur á búsetu hér á landi, hvort sem það er  
tímabundið eða til langframa, sé ekki  
haldinn smitsjúkdómi sem ógnað getur  
almannaheill.

Í sóttvarnalögum  
eru ákvæði um að  
heimilt sé að setja  
reglur um læknis-  
rannsókn ef fólk  
kemur frá land-  
svæðum þar sem  
hættulegir smit-  
sjúkdómar eru  
landlægir. Þessar  
reglur gilda um  
fólk sem kemur  
frá löndum utan  
evrópska efna-  
hagssvæðisins,  
EES. Það hindrar  
þó ekki að hægt sé að setja slíkar reglur  
fyrir fólk sem kemur frá EES-landi ef  
sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Útlendinga, sem koma til landsins, má  
gróft flokka í þrjá hópa.


1. Ferðamenn sem hafa heimild til að  
vera hér á landi í allt að 3 mánuði.  
Undir venjulegum kringumstæðum eru  
engar kröfur gerðar um að þeir fram-  
vísi heilbrigðisvottorði enda tíminn  
sem þeir dvelja hér á landi það stuttur

að líkurnar eru litlar á því að þeir ógni  
heilsu manna.

- Fólk sem kemur hingað til náms eða  
tímabundinna starfa (lengur en í þrjá  
mánuði en skemur en tvö ár, t.d.) þarf  
að framvísa heilbrigðisvottorði. Hið  
opinbera gerir kröfu til þess að þeir ein-  
staklingar séu ekki haldnir bráðsmitandi  
sjúkdómum sem ógna heilsu manna.
- Þriðji hópurinn eru þeir sem sækja um  
dvalarleyfi með framtíðarbúsetu hér á  
landi í huga. Þá er mikilvægt að horfa til  
alvarlegra smitsjúkdóma sem ekki eru  
mikið smitandi, ekki síður en þeirra sem  
eru bráðsmitandi. Ástæðan fyrir þessu er

Mynd 1

### Greining HIV-smits eftir ríkisfangi



að eftir því sem á tímum líður sem  
dvalist er í landinu aukast líkurnar á  
smitun til annarra í landinu.

Þeir smitsjúkdómar sem sérstök ástæða er  
til að fylgjast með um þessar mundir hjá  
fólki sem flyst til landsins er HIV-smit,  
lifrabólga B og berklar. Hér verður greint  
frá HIV-smiti og lifrabólgu B, en fjallað  
verður um berkla í næsta tölublaði Farsótt-  
frétta.

(Framhald bls. 2)

*Það sem af er þessu ári hafa átta manns greinst með HIV-smit hér á landi, fimm karlar og þrjár konur. Einn hefur látist á árinu af völdum alnæmis.*

*Það er ekki síður mikilvægt að greina smit af völdum lifrabólgu B en HIV meðal fólks sem flyst til landsins til langdvalar.*

### HIV smit

Það sem af er þessu ári hafa átta manns greinst með HIV-smit hér á landi, fimm karlar og þrjár konur. Einn hefur látist á árinu af völdum alnæmis.

Af þessum tölum má ráða að HIV-faraldurinn hér á landi sé í jafnvægi og sjúkdómurinn landlægur. Engar breytingar eru enn sem komið er greinanlegar ef flokkað er eftir áhættuhegðun og áhættuhópum.


Allstór hluti þeirra sem greinast með HIV er fólk sem sækir um dvalarleyfi hér á landi (mynd 1, bls. 1). Margir þeirra sem greinast með HIV-smit koma frá löndum þar sem HIV er mjög útbreitt.

Þessar niðurstöður benda til þess að HIV-skimun meðal innflytjenda til landsins sé

Einnig verður að hafa það í huga að HIV er ekki bráðsmitandi með sama hætti og ýmsir öndunarferasjúkdómar á borð við berkla.

### Lifrabólga B

Lifrabólga B er blóðsmitandi sjúkdómur sem er víða mjög útbreiddur í heiminum. Viðvarandi lifrabólga B getur valdið skorpulifur og lifrarfrumukrabbameini en líkurnar á því aukast því lengur sem gengið er með smit. Mörg lönd hafa hafið bólusetningu gegn sjúkdómnum, en bólusetningin er talin veita ævilanga vörn við honum. Ekki hefur verið talin ástæða til að hefja almenna bólusetningu gegn lifrabólgu B hér á landi vegna þess að sjúkdómurinn er fátíður þótt faraldur hafi gengið hér á landi meðal fíkniefnaneytenda á árunum 1989–1991 (mynd 2).



þýðingarmikil. Það er mikilvægt fyrir fólk sem hyggst búsetjast hér á landi að vita að það sé HIV-smitað því að hægt er að meðhöndla sjúkdóminn og hindra að hann þróist yfir í alnæmi. Það er einnig mikilvægt að meðhöndla sjúkdóminn til að draga úr líkum á því að móðir smiti barn sitt við fæðingu. Síðast en ekki síst er mikilvægt að þekkja til sjúkdómsins til að draga úr líkum á að smita aðra, t.d. við kynmök.

Hitt er álitamál hvaða tilgangi það þjónar að HIV-prófa þá sem koma til landsins í skamman tíma, t.d. til námsdvalar eða skemmi vistar. Það þjónar ekki tilgangi að hefja kostnaðarsama ævilanga meðferð hér á landi sem óvíst er að haldið verði áfram þegar viðkomandi snýr til heimalandsins.

Stórt hlutfall þeirra sem greinast með sjúkdóminn eru dvalarleyfisumsækjendur sem koma frá þeim heimshlutum þar sem hann er landlægur (Jónsdóttir G et al. *Læknablaðið* 2006; 92: 669–73). Þar er algengasta smitleiðin frá móður til barns við fæðingu eða eftir fæðingu.

Það er ekki síður mikilvægt að greina smit af völdum lifrabólgu B en HIV meðal fólks sem flyst til landsins til langdvalar. Ástæðurnar eru þær að lifrabólga B er læknanleg í mörgum tilvikum og hægt er að vernda einstaklinga í nánasta umhverfi sjúklings með bólusetningu. Sérstaklega er mikilvægt atriði að hægt er að rjúfa smitleið frá móður til barns með því að bólusetja barnið þegar við fæðingu.